



ALMENN SKILYRÐI

1.	UM NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐINN (www.nordiskfilmogtvfond.com)	3
2.	SKILYRÐI OG MAT Á UMSÓKNUM	5
3.	TEGUNDIR STYRKJA OG ÚTHLUTUNARREGLUR	7
4.	ENDURGREIÐSLUR	10
5.	VANSKIL	12

ÖNNUR SKILYRÐI

6.	FRAMLEIÐSLUSTYRKIR TIL LEIKINNA KVIKMYNDA	13
7.	FRAMLEIÐSLUSTYRKIR TIL LEIKINNA SJÓNVARPMYNDNA / LEIKINNA SJÓNVARPSPÁTTARÐA	17
8.	FRAMLEIÐSLUSTYRKIR TIL HEIMILDARKVIKMYNDA	21
9.	STYRKIR TIL DREIFINGAR Í KVIKMYNDA	25
10.	STYRKIR TIL TALSETNINGAR	28
11.	KVIKMYNDATENGDIR MENNINGARVIÐBURÐIR	30

ALMENN SKILYRÐI

1. UM NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐINN

(www.nordiskfilmogtvfond.com)

1.1 MARKMIÐ

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn (nefndur „Sjóðurinn“) vill efla framleiðslu á vönduðu hljóð- og myndmiðlaefni með því að taka þátt í lokafjármögnun á framleiðslu á leiknum kvikmyndum, leiknum sjónvarpsmyndum/þáttaröðum og listrænum heimildarkvikmyndum.

Þá vill Sjóðurinn sem lokafjármögnunaraðili styrkja dreifingu og talsetningar á norrænum kvikmyndum á Norðurlöndunum og verkefnum tengdum kvikmyndagreininni sem þjóna faglegum norrænum hagsmunum.

Sjóðurinn getur átt frumkvæði að stefnumarkandi þróunarverkefnum sem unnin eru í samvinnu við önnur lönd og gjarnan fyrir marga miðla. Sjóðurinn auglýsir slík verkefni á heimasíðu sinni þegar við á.

1.2 STAÐA OG STARFSEMI SJÓÐSINS

Sjóðurinn er stofnun og lútir réttarstaða hans norskri löggjöf.

Sjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum Sjóðsins og samningi Sjóðsins við Sjóðsaðila.

1.3 SJÓÐSAÐILAR

Aðilar Sjóðsins eru eftirfarandi:

- Norræna ráðherranefndin

Norrænir kvikmyndasjóðir / kvikmyndastofnanir:

- Danska kvikmyndastofnunin
- Kvikmyndastofnun Finnlands
- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Norska kvikmyndastofnunin
- Sænska kvikmyndastofnunin

Aðrir sjóðsaðilar:

Danmörk: DR, TV2

Finland: YLE, MTV

Ísland: RÚV, Sýn hf / Stöð 2, Síminn

Noregur: NRK, TV2 Norge, VGTV

Svíþjóð: SVT, TV4

Norðurlönd: Viaplay Group, C More

1.4 STJÓRNIN

Norræna ráðherranefndin skipar stjórn Sjóðsins sem ber ábyrgð á rekstri hans.

Stjórnin samanstendur af fimm aðilum, einum frá hverju Norðurlandi.

Ákvarðanir stjórnar eru bindandi.

2. SKILYRÐI OG MAT Á UMSÓKNUM

2.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGUM TIL FRAMLEIÐSLU VERKS

Umsækjandi þarf að vera framleiðslufyrirtæki með aðsetur í einhverju af Norðurlöndunum fimm eða öðru landi innan Evrópusambandsins, EES eða Sviss og skal hafa viðurkennda reynslu af kvikmyndagerð.

Framleiðslufyrirtækið á að vera skráð samkvæmt gildandi lögum með fast aðsetur eða jafngildi þess í einhverju af Norðurlöndunum fimm.

Fyrirtækið ber ábyrgð á að virða lög og reglur um vinnuumhverfi, þar með taldar reglur um hvers kyns misrétti og kúgun.

Listrænir lykilstjórnendur verksins og/eða tæknilegir þættir þess skulu vera staðsettir innan Norðurlandanna eða hafa varanlegt aðsetur þar, burtséð frá þjóðerni og landfræðilegum uppruna, eða þá að hafa einhver sérstök tengsl við og/eða þýðingu fyrir norræna kvikmyndamenningu.

Verkið á að hafa sérstaka listræna og/eða tæknilega þýðingu sem stuðlar að eflingu norrænnar kvikmyndamenningar.

Verkið þarf að henta til sýninga í kvikmyndahúsum, dreifingar í sjónvarpi eða annarri dreifingu.

Sjóðurinn metur hvort verkið höfði til stórs hóps áhorfenda, fyrst og fremst á Norðurlöndum, en einnig á öðrum svæðum.

Sjóðurinn getur ekki tekið þátt í fjármögnun verkefna sem hafa þegar verið forseld til dreifingar, í einu eða fleirum Norðurlandanna eða til fjölmiðlafyrirtækis/streymisveitu sem ekki er aðili að Sjóðnum. Undanskilin eru verkefni þar sem fjölmiðlafyrirtækið/streymisveitan í viðkomandi löndum deila sýningarrétti með einhverjum aðilum að Sjóðnum. Þetta gildir fyrir þau norrænu lönd sem fjölmiðlafyrirtækið/streymisveitan hefur sýningarrétt í.

Með "sjónvarpsstöð" er átt við sýningaraðila á línulegri dagskrá, SVOD, VOD o.s.frv.

2.2 UMSÓKN

Umsóknir skal senda á www.nordiskfilmogtvfond.com.

Umsókn og fylgiskjöl skulu skrifuð á dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

Umsóknir eru afgreiddar jafnóðum og þær berast.

Afgreiðsla umsókna tekur yfirleitt 5 - 6 vikur. Afgreiðslutími hefst þegar umsókn hefur verið samþykkt til úrvinnslu.

2.3 MAT Á UMSÓKN

Sjóðurinn metur verkið í heild sinni og byggist það mat á listrænum viðmiðum og hversu áhorfendavænt það telst vera, ásamt mati á fjármögnunarpörf verkefnisins (framleiðslupörf). Einnig er metið hversu raunhæf fjármögnunaráætlunin er með hliðsjón af framleiðslu-, markaðs- og dreifingaráætlunum.

Sjóðurinn gerir ekki sérstakar kröfur um samnorrænt þema, framleiðslukostnað eða um samsetningu starfsliðs verkefnisins.

Sjóðurinn veitir verkefnum forgang ef markhópur þeirra er börn og unglingar.

2.4 ÁKVARÐANIR

Framkvæmdastjóri Sjóðsins ber ábyrgð gagnvart sjóðsstjórn á ákvörðunum sem teknar eru um úthlutun og höfnun styrkja. Ákvörðunin er endanleg.

2.5 HEIMILDIR SJÓÐSINS

Sjóðnum er heimilt að fjalla um styrkt verkefni í öllu prentuðu máli, á vef Sjóðsins og á samskiptamiðlum.

Sjóðnum er heimilt að sýna ljósmyndir, sýnishorn (trailer), sjónvarpsklipp og bít úr kvikmyndinni/þáttaröðinni (í mesta lagi 5 mínútur) á vef Sjóðsins eða í tengslum við viðburði sem Sjóðurinn hefur frumkvæði að, tekur þátt í o.þ.h.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að nálgast upplýsingar um dreifingu kvikmyndarinnar/þáttaraðarinnar (tegund miðla/aðsókn/áhorf).

Framleiðandi ábyrgist að allir höfundarréttarhafar hafi samþykkt not Sjóðsins af fyrirnefndu efni.

3. TEGUNDIR STYRKJA OG ÚTHLUTUNARREGLUR

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn tekur þátt í lokafjármögnun ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

3.1 FRAMLEIÐSLUSTYRKIR

LEIKNAR KVIKMYNDIR

Staðfesting á grunnfjármögnun í heimalandi verður að liggja fyrir. Með grunnfjármögnun í heimalandi er átt við fjármögnun frá aðilum í því Norðurlandanna þar sem aðalframleiðandi er skráður. Venjulega er um að ræða kvikmyndastofnanir eða –sjóði í hverju landi fyrir sig, svæðisbundna kvikmyndasjóði, aðra aðila Sjóðsins og dreifingaraðila.

Forsenda styrkveitingar frá Sjóðnum er að verkefnið hafi tryggt verulega fjármögnun frá a.m.k. einum aðila Sjóðsins.

Dreifing skal vera tryggð á a.m.k. tveimur Norðurlandanna.

Umsóknir vegna framhaldsmynda eru ekki teknar til efnislegrar meðferðar og verður sjálfkrafa hafnað.

LEIKNAR SJÓNVARPSMYNDIR / LEIKNAR SJÓNVARPSPÁTTARAÐIR

Staðfesting á grunnfjármögnun í heimalandi verður að liggja fyrir. Með grunnfjármögnun í heimalandi er átt við fjármögnun frá aðilum í því Norðurlandanna þar sem aðalframleiðandi er skráður. Venjulega er um að ræða kvikmyndastofnanir eða –sjóði í hverju landi fyrir sig, aðra aðila Sjóðsins og dreifingaraðila.

Til að geta sótt um styrk frá Sjóðnum verður verkefnið að hafa tryggt verulega fjármögnun frá a.m.k. einum aðila Sjóðsins.

Samningur við aðra aðila Sjóðsins um dreifingu verður að vera tryggð í a.m.k. tveimur Norðurlandanna.

Eingöngu umsóknir fyrir fyrstu þáttaraðir eru teknar til efnislegrar meðferðar hjá sjóðnum. Umsóknir vegna framhaldspáttaraða eru ekki teknar til efnislegrar meðferðar og verður sjálfkrafa hafnað.

HEIMILDAKVIKMYNDIR

Staðfesting á grunnfjármögnun í heimalandi verður að liggja fyrir. Með því er átt við fjármögnun frá aðilum í því Norðurlandanna þar sem aðalframleiðandi er skráður. Venjulega er um að ræða kvikmyndastofnanir eða –sjóði í hverju landi fyrir sig, aðra aðila Sjóðsins og dreifingaraðila

Til að geta sótt um styrk frá Sjóðnum verður verkefnið að hafa tryggt verulega fjármögnun frá a.m.k. einum aðila Sjóðsins.

Samningur um dreifingu verður að vera tryggð í a.m.k. tveimur Norðurlandanna þ.m.t. samningur um sýningu hjá a.m.k. einum af öðrum aðilum Sjóðsins.

EINUNGIS AÐALFRAMLEIÐENDUR VERKEFNISINS, SEM UPPFYLLA SKILYRÐIN Í GREIN 2.1., GETA SÓTT UM STYRKINN.

3.2 STYRKIR TIL DREIFINGAR MYNDAR Í KVIKMYNDAHÚS

Hægt er að sækja um dreifingarstyrk ef kvikmynd(ir) hefur hlotið góðar undirtektir almennings í einu Norðurlandanna eða eiga mikla möguleika á góðri aðsókn í markhópi sínum á einu eða fleiri Norðurlandanna. Dreifingarstyrk má veita stakri mynd eða sameiginlega tveimur eða þremur myndum frá sama dreifingarfyrtæki.

Dreifingarstyrk má veita fyrir sýningar í kvikmyndahúsum og/eða fyrir aðra stafræna miðla. Dreifingarstyrk fyrir staka mynd eða sameiginlegan styrk má veita fyrir dreifingu á hvers kyns samsetningu stafræna miðla. Sjóðurinn afgreiðir einungis einn dreifingarstyrk á hvern myndtitil og stafræna miðlun hans frá einum og sama dreifingaraðila.

Styrkinn er hægt að veita óháð því hvort kvikmyndin hefur áður hlotið framleiðslustyrk og/eða talsetningarstyrk úr Sjóðnum.

Þegar sótt er um sameiginlegan styrk fyrir fleiri en eina mynd má áætla kostnað vegna starfsmanns á sviði markaðsmála til að vinna sérstaklega að markaðssetningu myndanna í 4-12 mánuði og styrkja og auka þannig mögulegt áhorf þeirra, t.d. með meiri áherslu á notkun samfélagsmiðla o.s.frv.

EINUNGIS NORRÆN DREIFINGARFYRIRTÆKI Í SÝNINGARLANDI GETA SÓTT UM STYRKINN.

3.3 STYRKIR TIL TALSETNINGAR

Styrkirnir eru veittir til að talsetja norræna kvikmynd á annað/önnur norræn tungumál.

Þegar sótt er um talsetningarstyrk þarf kvikmynd að hafa hlotið góðar undirtektir almennings í einhverju Norðurlandanna eða að miklar líkur séu til að hún hljóti umtalsverða dreifingu og aðsókn hjá markhópi sínum á Norðurlöndunum.

Styrk til talsetningar má veita fyrir dreifingu í kvikmyndahús og/eða fyrir aðra stafræna miðla eins og VOD, sjónvarp o.s.frv.

Hægt er að veita styrkinn óháð því hvort kvikmyndin hefur áður hlotið framleiðslustyrk og/eða dreifingarstyrk úr Sjóðnum.

Styrkirnir eru yfirleitt aðeins veittir til kvikmynda fyrir börn og unglinga.

EINUNGIS NORRÆN FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI, SEM UPPFYLLA SKILYRÐIN Í GREIN 2.1., EÐA DREIFINGARFYRIRTÆKI Í SÝNINGARLANDINU, GETA SÓTT UM STYRKINN.

3.4 STYRKIR TIL VERKEFNA TENGDU KVIKMYNDAGREININNI

Styrkirnir eru veittir til verkefna tengdum kvikmyndagreininni, t.a.m. námskeiða, málþinga eða dagskrár kvikmyndahátíða ef ætla má að þessir viðburðir efli hæfni fagfólks í samnorrænu **hljóð- og myndmiðlagreininni**.

AÐEINS SKIPULEGGJENDUR VERKEFNA TENGDU KVIKMYNDAGREININNI GETA SÓTT UM STYRKINN.

4. ENDURGREIÐSLUR

Sjóðurinn styrkir framleiðslu á verkum í formi lána sem endurgreiðast samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ef Sjóðurinn styrkir framleiðslu verkefnis, sem hefur þegið einhvers konar þróunarstyrk frá Sjóðnum, skal sá styrkur meðtalinn í heildarupphæð styrks sem verkefnið hlýtur frá Sjóðnum og greiðast til baka í samræmi við samning Sjóðsins um framleiðslu.

Sjóðurinn á rétt á hluta (endurgreiðsluhlutfalli) af tekjum á heimsvísu af kvikmyndinni/þáttaröðinni.

Endurgreiðslur hefjast þegar tekjur verkefnisins á heimsvísu hafa náð fyrirfram tilgreindum hagnaðarmörkum (Break-Even point).

4.1 TEKJUR Á HEIMSVÍSU

Allar brúttótekjur kvikmyndarinnar/þáttaraðarinnar um allan heim og frá öllum dreifingaraðilum og miðlum.

Eftirtalið reiknast þó ekki sem tekjur í þessu sambandi:

- Tryggt lágmark og forsölur sem er hluti af fjármögnun kvikmyndarinnar/þáttaraðarinnar.
- Ófyrirséður kostnaður sem ekki hefur nýst og/eða afgangur á framleiðslufjármagni.
- Kostnaður vegna auglýsinga (P&A) og þóknar til dreifingar- og eða söluaðila eins og eðlilegir viðskiptahættir í greininni kveða á um.
- Tekjur sem að öllu leyti falla til einkafjárfesta utan Norðurlandanna.
- Miðasölustyrkir eins og "norsk etterhåndstilskudd" og "svensk publikrelaterat stöd / PRS"
- Tekjur af sölu vegna endurgerðar eða af afleiddum vörum verkefnisins.

Hugsanleg endurgreiðsla á opinberum styrkjum, listrænum þóknunum (royalties) ásamt útlögðu fé vegna umframkostnaðar er ekki hægt að draga frá tekjum verkefnisins á heimsvísu.

4.2 HLUTFALL ENDURGREIÐSLU

Hundraðshluti sjóðsstyrksins af norrænni fjármögnun að frádreginni forsamþykkttri eiginfjármögnun.

4.3.1 HAGNAÐARMÖRK LEIKINNA KVIKMYNDA OG HEIMILDAMYNDA

Forsamþykkt eiginfjármögnun framleiðanda plús 35% að auki ásamt fjárfestingu norrænna sjónvarpsfélaga.

4.3.2 HAGNAÐARMÖRK LEIKINNA SJÓNVARPSMYNDA / LEIKINNA SJÓNVARPSPÁTTARAÐA

Forsamþykkt eiginfjármögnun framleiðanda.

4.4 FORSAMÞYKKT EIGINFJÁRMÖGNUN FRAMLEIÐANDA

Sjóðurinn ákveður upphæð forsamþykkrar eiginfjármögnunar framleiðanda.

Meðal þeirra þátta sem falla undir þessa skilgreiningu og krefjast samþykkis Sjóðsins má nefna:

- Handbært fé
- Ógreidd laun (deferment) fyrir framlagða vinnu*
- Ógreitt framlag (deferment) framleiðanda*

*ATH: Ógreidd laun fyrir framlagða vinnu og ógreitt framlag framleiðanda má samanlagt ekki vera umfram 15% af heildarfjármögnun.

- Fjárfestingar meðframleiðanda og dreifingaraðila
- Fjárfesting birgðasala

Eiginfjármögnun á að vera áhættufjármagn

Sjóðurinn viðurkennir m.a. ekki að eftirfarandi þættir falli undir forsamþykktu eiginfjármögnun framleiðanda:

- Tryggt lágmark (Minimum Guarantee) frá dreifingaraðila og prent- og auglýsingakostnað dreifingaraðila
- Fjárfestingar sjónvarps og forsölu á dreifingarrétti til norrænna fjölmiðlafyrirtækja/streymisveitna
- Styrki úr svæðisbundnum kvikmyndasjóðum
- Fjármögnun utan Norðurlandanna

Umsókn um breytingar á forsamþykktu eiginfjármögnun framleiðanda skal samþykkt af sjóðnum með skriflegri viðbót á gildandi samningi eigi síðar en kvikmynd er frumsýnd í heimalandinu.

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um útgjöld og tekjur í tengslum við framleiðslu kvikmyndarinnar og hefur hann rétt á að grandskoða bókhald skipuleggjanda í eftirliti sínu.

4.5 SKÝRSLUGJÖF OG ENDURGREIÐSLA

Upphæð endurgreiðslna til Sjóðsins verður ekki hærrí en úthlutaðir styrkir Sjóðsins til þróunar og framleiðslu á verkinu.

Kröfur Sjóðsins um endurgreiðslur af hálfu framleiðanda ná ekki til tekna sem berast síðar en 5 árum eftir að kvikmynd er frumsýnd í kvikmyndahúsi í heimalandinu. Varðandi heimildarmyndir fyrir sjónvarp og leiknar sjónvarpsmyndir/leiknar sjónvarpsþáttaraðir gilda sömu ákvæði í 5 ár frá fyrstu almennri sýningu.

Senda skal tekjuskýrslur til sjóðsins árlega, sú fyrsta skal þó send 6 mánuðum eftir að verkefnið var frumsýnt í heimalandinu, önnur 12 mánuðum eftir frumsýningu og þaðan í frá árlega en sú síðasta fimm árum eftir að verkefnið var frumsýnt í heimalandinu óháð því hvort hagnaðarmörkum er náð.

Með tekjuuppgjöri skal fylgja afrit af fylgiskjöllum frá dreifi- og eða söluaðila myndarinnar. Að öðrum kosti skal uppgjörið vera staðfest af endurskoðanda eða gert af innheimtustofnun sem sjóðurinn hefur fyrirfram samþykkt.

Skýrslurnar skal senda í síðasta lagi 3 mánuðum frá uppgjörstegi til:

Nordisk Film & TV Fond
c/ECA A/S
Toldbodgade 89
DK-1253 København K
nftf@ecagency.dk

5. VANSKIL

Hafi forsendur fyrir styrkveitingu breyst til muna eða hafi framleiðandi vanrækt skyldur sínar gróflega samkvæmt reglum Sjóðsins eða samningi, getur Sjóðurinn rift vilyrðum/samningi fyrirvaralaust.

Sjóðurinn getur þá krafist endurgreiðslu á öllu fé sem þegar hefur verið veitt.

ÖNNUR SKILYRÐI

6. FRAMLEIÐSLUSTYRKIR TIL LEIKINNA KVIKMYNDA

EINUNGIS AÐALFRAMLEIÐENDUR VERKEFNISINS, SEM UPPFYLLA SKILYRÐIN Í GREIN

2.1., GETA SÓTT UM STYRKINN

6.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGU

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn veitir styrki til framleiðslu á leiknum kvikmyndum með því að taka þátt í lokafjármögnun ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

- Staðfesting á grunnfjármögnun í heimalandi liggur fyrir – sjá nánar undir almenn skilyrði, grein 3.1
- Vilyrði er fyrir dreifingu í kvikmyndahús eða undirritaður samningur um sýningu við eina af sjónvarpsstöðvunum sem aðilar eru að Sjóðnum á minnst tveimur Norðurlandanna

6.2 UMSÓKN

Umsóknir skulu berast fullunnar fyrir fyrsta tókudag.

Eftirfarandi berist Sjóðnum í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com:

- Efnisútdráttur (í mesta lagi 1/2 A4-blaðsíða)
- Handrit
- Teiknimyndir: söguþráður / teikningar / karakterlýsingar
- Greinargerð framleiðanda
- Greinargerð leikstjóra
- Ferilskrá með heimilisfangi starfsmanna sem starfa við listræna sköpun
- Annað efni tengt verkefninu (leikaralisti, stemningsteikningar o.s.frv.)
- Framvinduáætlun
- Kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun sem staðfestir að a.m.k. 70% kostnaðar sé fjármagnaður. Upphæðir eru gefnar upp í gjaldmiðli heimalandsins og norskum krónum og skal gengi tilgreint
- Skrifleg staðfesting á fjármögnun, LOC eða samningur
- Skrifleg sundurliðun á eiginfjármögnun
- LOC eða samningur sem staðfestir dreifingu/sýningu á minnst tveimur Norðurlandanna
- Áætlun um dreifingu og markaðssetningu, í heimalandinu og fyrir önnur Norðurlönd þar sem staðfest er að myndinni verður dreift, sem inniber hvaða miðla um ræðir, skilgreiningu á markhóp(um) og lýsingu á því hvernig verður náð til þeirra ásamt áætlun um miðasölu
- Síðustu tvær myndir leikstjóra (hlekkir)
- Myndefni sem tengist verkefninu, stiklur, prufur o.þ.h. (hlekkir)

6.3 VILYRÐI

Framleiðanda berst staðfestingarbréf frá Sjóðnum.

Eftir að staðfestingarbréf hefur borist ber framleiðanda að senda inn mynd af framleiðanda og leikstjóra ásamt myndum úr verkefninu (a.m.k. 700 kb) með tilheyrandi upplýsingum um höfundarrétt

Eftir að staðfestingarbréf hefur borist, getur framleiðandi ekki gert verulegar breytingar á handriti og / eða listrænum forsendum kvikmyndar, framleiðslu, fjármálum, tækni, sölu eða réttihöfum án þess að Sjóðnum berist tilkynning um það skriflega og hann veiti samþykki sitt.

Fram kemur í staðfestingarbréfinu að fyrsta klipp verkefnisins ber að senda sjóðnum í fyrsta lagi fjórum vikum áður og í síðasta lagi tveimur vikum áður en klippið er læst. Klippið skal vera textað á ensku eða á dönsku, norsku eða sænsku.

6.4 SAMNINGUR

Sjóðurinn útbýr samning um verkefni sem hljóta styrk. Eftirfarandi gögn berist Sjóðnum í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com:

Nýjustu upplýsingar um framleiðslu:

- Lengd kvikmyndar
- Listi yfir leikara (aðalhlutverk)
- Listi yfir lykilstarfsmenn
- Framleiðsluáætlun með dagsetningu fyrsta og síðasta kvikmyndatökudags
- Eftirvinnsluáætlun með dagsetningum á klippingu, sfx, hljóðvinnslu, hljóðblöndun og fullkláraðri mynd
- Áætlaður frumsýningardagur í kvikmyndahúsum og á öðrum megin miðlum

Nýjustu upplýsingar um fjármál::

- Sundurliðuð kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun
- Staðfesting á allri fjármögnun með endanlegum undirrituðum samningum:
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá fjölmiðlafyrirtæki/streymisveitu skal tilgreint hlutfall á milli fjárfestingar og greiðslu fyrir dreifingarrétt
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá dreifingaraðila og / eða meðframleiðanda skal tilgreint hlutfall á milli fjárfestingar og tryggðs lágmarks (Minimum Guarantee)
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá kvikmyndastofnun / kvikmyndasjóði í heimalandi skal senda undirritaðan samning

Nýjustu upplýsingar um dreifingu:

- Undirritaða(n) samning(a) um dreifingu eða samning(a) um sýningu á myndinni á Norðurlöndunum og alþjóðlega
- Áætlun um dreifingu og markaðssetningu, í heimalandinu og fyrir önnur Norðurlönd þar sem staðfest er að myndinni verður dreift, tiltekið hvaða miðla um ræðir, skilgreiningu á markhóp(um) og lýsingu á því hvernig verður náð til þeirra ásamt áætlun um miðasölu

Samningur er ekki gerður fyrr en Sjóðnum hafa borist öll gögn og í síðasta lagi áður en klippi er læst.

6.5 GREIÐSLUR Á STYRK

Greiðslur á styrkjum Sjóðsins eru ákveðnar fyrir hvert verkefni um sig. Yfirleitt felur samningur í sér 4 útborganir.

Upplýsingar í tengslum við hlutagreiðslur skal senda í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com.

Fyrir fyrstu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Undirritaður samningur
- Staðfesting á að aðalfjármögnunaraðili í heimalandinu hafi innt fyrstu greiðslu sína af hendi
- Reikningur

Fyrir aðra útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Útgjaldayfirlit þar sem eiginleg útgjöld eru borin saman við kostnaðaráætlun og áætlaðan lokakostnað
- Skrifleg framvinduskýrsla um verkefnið eftir að tókum er lokið.
- Reikningur

Fyrir þriðju útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Útgjaldayfirlit sem sýnir útgjöld og endanlegan kostnað í samanburði við kostnaðaráætlun
- Skrifleg framvinduskýrsla um stöðu verkefnisins þegar fyrsta klipp er tilbúið
- Fyrsta klipp, í fyrsta lagi fjórum vikum og í síðasta lagi tveimur vikum áður en endanlegt klipp er frágengið. Fyrsta klipp skal senda með texta á dönsku, norsku, sænsku eða ensku
- Reikningur
- Endurskoðað bókhald þar sem endanleg fjárútlát eru borin saman við fjárhagsáætlun
- Lokaskýrslu með yfirlit yfir hátíðir sem myndin hefur farið á, hugsanleg verðlaun og alþjóðlegum sölum
- Afrit af myndinni með dönskum, norskum, sænskum eða enskum texta ásamt stiklu og tv-spots
- Artwork / ljósmyndir (2-3), stafrænar (að minnsta kosti 700 kb) ásamt tilheyrandi upplýsingum um höfundarrétt.
- Reikningur

6.6 ÞAKKARTEXTAR

Í þakkartextum við byrjun eða lok kvikmynda og í öðru kynningarefni skal tekið skýrt fram að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafi styrkt framleiðslu kvikmyndarinnar. Lógói sjóðsins er hægt að hlaða niður á www.nordiskfilmogtvfond.com.

Þakkartextarnir berist Sjóðnum til samþykkis og skulu þeir vera svipaðir þakkartextum um aðalfjármögnunaraðila kvikmyndarinnar.

6.7 BÓKHOLD

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um útgjöld við framleiðslu kvikmyndarinnar og á hann rétt á að grandskoða bókhald framleiðanda í eftirliti sínu.

Verði raunkostnaður við verkefni lægri en kostnaðaráætlun sem var samþykkt af Sjóðnum sagði til um, getur það leitt til þess að Sjóðurinn haldi eftir hluta af styrk sínum. Þetta getur haft í för með sér kröfu um endurgreiðslu á styrktarupphæð sem þegar hefur verið greidd.

6.8 ENDURGREIÐSLUR

Reglur um endurgreiðslur, sjá Almenn skilyrði, 4. grein.

7. FRAMLEIÐSLUSTYRKIR TIL LEIKINNA SJÓNVARPSMYNDA / LEIKINNA SJÓNVARPSPÁTTARAÐA

EINUNGIS AÐALFRAMLEIÐENDUR VERKEFNISINS, SEM UPPFYLLA SKILYRÐIN Í GREIN

2.1., GETA SÓTT UM STYRKINN

7.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGU

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn styrkir framleiðslu á leiknum sjónvarpsmyndum/leiknum sjónvarpsþáttaröðum með því að taka þátt í lokafjármögnun ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

- Staðfesting á grunnfjármögnun í heimalandi liggur fyrir – sjá nánar undir almenn skilyrði, grein 3.1.
- Samningur við aðra aðila Sjóðsins í að minnsta kosti tveimur Norðurlandanna.

7.2 UMSÓKN

Umsóknir skulu berast fullunnar fyrir fyrsta tókudag.

Sjóðnum berist eftirfarandi gögn í gegnum vefsvæðið

www.nordiskfilmogtvfond.com:

- Efnisútdráttur (Synopsis), í mesta lagi 1/2 A4-blaðsíða
- Handrit að helmingi þáttanna hið minnsta ásamt söguþræði þeirra sem eftir eru.
- Teiknimyndir: söguþráður / teikningar / karakterlýsingar
- Greinargerð framleiðanda
- Greinargerð leikstjóra
- Ferilskrá með heimilisfangi þeirra starfsmanna sem starfa við listræna sköpun
- Annað efni tengt verkefninu (leikaralisti, stemningsteikningar o.s.frv.)
- Framvinduáætlun
- Kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun sem staðfestir fjármögnun a.m.k. 70% kostnaðar. Upphæðir eru gefnar upp í gjaldmiðli heimalandsins og norskum krónum og skal gengið tilgreint
- Skrifleg staðfesting á fjármögnun, LOC eða samningur
- Skrifleg sundurliðun á eiginfjármögnun
- Samningur eða LOC við aðra aðila Sjóðsins um dreifingu í a.m.k. tveimur Norðurlandanna.
- Áætlun um dreifingu og markaðssetningu, í heimalandinu og á öðrum Norðurlöndum, þar sem staðfest er að myndinni/þáttaröðinni verður dreift, tiltekið hvaða miðla um ræðir, markhópar eru skilgreindir og því lýst hvernig náð verður til þeirra ásamt áætlun um áhorfstölur
- Ef sjónvarpsmynd: síðustu tvær myndir leikstjóra (hlekkir). Ef þáttaröð: síðustu tvær þáttaraðir leikstjóra (hlekkir).
- Annað myndefni sem tengist verkefninu, stíklur, prufur o.þ.h. (hlekkir)

7.3 VILYRÐI

Framleiðanda berst staðfestingarbréf frá Sjóðnum.

Eftir að staðfestingarbréf hefur borist ber framleiðanda að senda inn mynd af framleiðanda, leikstjóra, handritshöfundu og ef til vill myndum úr myndinni/þáttaröðinni í stafrænu formi með tilheyrandi upplýsingum um höfundarrétt (a.m.k. 700 kb).

Eftir að staðfestingarbréf hefur borist, getur framleiðandi ekki gert verulegar breytingar á handriti og / eða listrænum forsendum kvikmyndar, framleiðslu, fjármálum, tækni, sölu eða rétthöfum án þess að Sjóðnum berist tilkynning um það skriflega og hann veiti samþykki sitt.

Fram kemur í staðfestingarbréfinu að fyrsta klipp af a.m.k. tveimur þáttum verkefnisins ber að senda sjóðnum í fyrsta lagi tveimur vikum áður og í síðasta lagi einni viku áður en klippið er læst. Klippið skal vera textað á ensku eða dönsku, norsku eða sænsku.

7.4 SAMNINGUR

Sjóðurinn gerir samning um verkefni sem hljóta styrk. Sjóðnum þarf að berast eftirfarandi í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com:

Nýjustu upplýsingar um framleiðslu:

- Lengd myndar / þáttaraðar
- Leikarar (aðalhlutverk)
- Starfsmenn (lykilstarfsmenn)
- Framleiðsluáætlun með dagsetningu fyrsta og síðasta kvikmyndatökudags
- Eftirvinnsluáætlun með dagsetningum á klippingu, sfx, hljóðvinnslu, hljóðblöndun, fullkláraðri mynd/þáttaröð
- Fyrirhugaður frumsýningardagur á megin miðlum

Nýjustu upplýsingar um fjármál:

- Sundurliðuð kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun
- Staðfesting á allri fjármögnun með endanlegum undirrituðum samningum:
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá fjölmiðlafyrirtæki/streymisveitu skal tilgreina hlutfall á milli fjárfestingar og greiðslu fyrir dreifingarrétt
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá dreifingaraðila og / eða meðframleiðanda skal tilgreina hlutfall á milli fjárfestingar og tryggðs lágmarks (Minimum Guarantee)
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá kvikmyndastofnun / kvikmyndasjóði í heimalandi skal senda undirritaðan samning

Nýjustu upplýsingar um dreifingu:

- Dreifing/sýning myndarinnar/þáttaraðarinnar á Norðurlöndum eða á alþjóðavettvangi skal staðfest með undirrituðum samingum
- Ef sjónvarpsaðili sjóðsins framleiðir leikna sjónvarpsmynd/leikna sjónvarpsþáttaröð þarf að liggja fyrir undirritaður samningur um sýningu við a.m.k. einn annan Sjónvarpsaðila Sjóðsins
- Áætlun um dreifingu og markaðssetningu, í heimalandinu og fyrir önnur Norðurlönd þar sem staðfest er að myndinni/þáttaröðinni verður dreift, tiltekið hvaða miðla um ræðir, skilgreiningu á markhóp(um) og lýsingu á því hvernig verður náð til þeirra ásamt áætlun um áhorfstölur

Ekki verður gengið frá samningi fyrir en öll gögn hafa borist Sjóðnum og í síðasta lagi áður en klippi er læst.

7.5 GREIÐSLUR

Greiðslur á styrk úr Sjóðnum eru ákveðnar fyrir hvert verkefni um sig. Yfirleitt er styrkurinn greiddur í 4 áföngum.

Upplýsingar í tengslum við hlutagreiðslur skal senda í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com.

Fyrir fyrstu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Undirritaður samningur
- Staðfesting á að aðalfjármögnunaraðili í heimalandinu hafi innt fyrstu greiðslu sína af hendi
- Reikningur

Fyrir aðra útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Kostnaðarskýrsla sem sýnir útgjöld samanborið við fjárhagsáætlun ásamt endanlegu kostnaðaruppgjöri
- Skrifleg lýsing á stöðu verkefnisins við fyrsta klipp
- Fyrsta klipp, af að minnsta kosti fyrstu tveimur þáttunum. Klippið skal senda í fyrsta lagi tveimur vikum og í síðasta lagi einni viku áður en endanlegt klipp er frágengið. Klippinu á að fylgja texti á dönsku, norsku, sænsku eða á ensku
- Reikningur

Fyrir þriðju útborgun skal Sjóðnum hafa borist:

- Kostnaðarskýrsla sem sýnir útgjöld samanborið við fjárhagsáætlun ásamt endanlegu kostnaðaruppgjöri
- Skrifleg lýsing á stöðu verkefnisins við fyrsta klipp
- Fyrsta klipp, af að minnsta kosti tveimur þáttunum. Klippið skal senda í fyrsta lagi tveimur vikum og í síðasta lagi einni viku áður en endanlegt klipp er frágengið. Klippinu á að fylgja texti á dönsku, norsku, sænsku eða á ensku
- Reikningur

Fyrir síðustu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Endurskoðað bókhald sem sýnir endanleg útgjöld borin saman við fjárhagsáætlun
- Lokaskýrslu með yfirlit yfir hátíðir sem myndin hefur farið á, hugsanleg verðlaun og alþjóðlegum sölum
- Afrit af myndinni/þáttaröðinni (hlekk) með skandinavískum eða enskum texta ásamt stiklu/ tv-spots
- Artwork / ljósmyndir (minnst 2-3), í stafrænu formi með tilheyrandi upplýsingum um höfundarrétt (a.m.k. 700 kb)
- Reikningur

7.6 ÞAKKARTEXTAR

Í þakkartextum við byrjun eða lok myndar / þáttaraðar og öðru kynningarefni skal tekið skýrt fram að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafi styrkt framleiðslu kvikmyndar/þáttaraðar. Lógó sjóðsins er hægt að hlaða niður á www.nordiskfilmogtvfond.com.

Þakkartextarnir berist Sjóðnum til samþykkis og skulu þeir vera svipaðir þakkartextum um aðalfjármögnunaraðila verkefnisins.

7.7 BÓKHOLD

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um öll útgjöld við framleiðslu kvikmyndar / þáttaraðar og hefur hann rétt á að grandskoða bókhald framleiðanda í eftirliti sínu.

Verði raunkostnaður við verkefni lægri en kostnaðaráætlun sem var samþykkt af Sjóðnum sagði til um, leiðir það til þess að Sjóðurinn heldur eftir hluta af styrk sínum. Þetta getur haft í för með sér kröfu um endurgreiðslu á styrktarupphæð sem þegar hefur verið greidd.

7.8 ENDURGREIÐSLUR

Reglur um endurgreiðslur, sjá Almenn skilyrði, 4. grein.

8. FRAMLEIÐSLUSTYRKIR TIL HEIMILDARKVIKMYNDA

EINUNGIS AÐALFRAMLEIÐENDUR VERKEFNISINS, SEM UPPFYLLA SKILYRÐIN Í GREIN

2.1., GETA SÓTT UM STYRKINN

8.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGU

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn styrkir framleiðslu á heimildarkvikmyndum með því að taka þátt í lokafjármögnun ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

- Staðfesting á grunnfjármögnun í heimalandi liggur fyrir – sjá nánar undir almenn skilyrði, grein 3.1.
- Dreifingsamningur í a.m.k. tveimur Norðurlandanna sem felur í sér samning um sýningu hjá einum af öðrum aðilum Sjóðsins hið minnsta

8.2 ANSÖGNING

Umsóknir skulu venjulega berast fullunnar fyrir fyrsta tökudag.

Eftirfarandi skal senda í gegnum vefsíðuna www.nordiskfilmogtvfond.com

- Efnisútdráttur (í mesta lagi ½ A4-blaðsíða)
- Ítarleg handritsdrög (treatment) / handrit
- Greinargerð framleiðanda
- Greinargerð leikstjóra
- Ferilskrá með heimilisfangi starfsmanna sem starfa við listræna sköpun
- Annað efni tengt verkefninu
- Framvinduáætlun
- Kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun þar sem fram kemur staðfesting á fjármögnun á a.m.k. 70% af fjárhagsáætlun. Upphæðir eru gefnar upp í gjaldmiðli heimalandsins og norskum krónum og skal gengi tilgreint
- Skrifleg staðfesting á fjármögnun, LOC eða samningur
- Skrifleg sundurliðun á eiginfjármögnun
- LOC eða samning um dreifingu/sýningu í a.m.k. tveimur Norðurlandanna og LOC eða samning um sýningu hjá a.m.k. einum af öðrum aðilum Sjóðsins
- Áætlun um drefingu og markaðssetningu, í heimalandinu og fyrir önnur Norðurlönd þar sem staðfest er að efninu verður dreift, tiltekið hvaða miðla um ræðir, skilgreiningu á markhóp(um) og lýsingu á því hvernig verður náð til þeirra ásamt áætlun um áhorfstölur
- Síðustu tvær myndir leikstjóra (hlekkir)
- Annað myndefni sem tengist verkefninu, stiklur, prufur o.þ.h. (hlekkir)

8.3 VILYRÐI

Framleiðanda berst staðfestingarbréf frá Sjóðnum.

Eftir að staðfestingarbréf hefur borist ber framleiðanda að senda stafrænt eina mynd af framleiðanda og eina af leikstjóra ásamt myndum úr verkefninu með tilheyrandi upplýsingum um höfundarrétt (a.m.k. 700 kb).

Eftir að staðfestingarbréf hefur borist, getur framleiðandi ekki gert verulegar breytingar á handriti og / eða listrænum forsendum kvikmyndar, framleiðslu, fjármálum, tækni, sölu eða réttihöfum án þess að Sjóðnum berist tilkynning um það skriflega og hann veiti samþykki sitt.

Fram kemur í staðfestingarbréfinu að fyrsta klipp verkefnisins ber að senda sjóðnum í fyrsta lagi 4 vikum áður og í síðasta lagi 2 vikum áður en klippið er læst. Klippið skal vera textað á ensku eða dönsku, norsku eða sænsku.

8.4 SAMNINGUR

Sjóðurinn gerir samning um verkefni sem hljóta styrk. Sjóðnum þurfa að berast eftirfarandi gögn í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com:

Nýjustu ítarlegu handritsdrög (treatment)/ handrit

Nýjustu upplýsingar um framleiðslu:

- Lengd / lengdir myndar
- Tökusnið (format) myndar
- Framleiðsluáætlun með dagsetningu fyrsta og síðasta kvikmyndatökudags
- Eftirvinnsluáætlun með dagsetningum á klippingu, sfx, hljóðvinnslu, hljóðblöndun og fullkláraðri mynd
- Áætlaður frumsýningardagur í megin miðlum og e.t.v. kvikmyndahúsi í heimalandinu

Nýjustu upplýsingar um fjármál:

- Sundurliðuð kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun
- Staðfesting á allri fjármögnun með endanlegum undirrituðum samningum:
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá öðrum fjölmiðlafyrirtæki/streymisveitu skal tilgreina hlutfall á milli fjárfestingar og greiðslu fyrir dreifingarrétt
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá dreifingaraðila og / eða meðframleiðanda skal tilgreina hlutfall á milli fjárfestingar og tryggðs lágmarks
 - Ef um er að ræða fjárframlag frá kvikmyndastofnun / kvikmyndasjóði í heimalandi skal senda undirritaðan samning

Nýjustu upplýsingar um dreifingu:

- Undirritaðir samningar um dreifingu / sýningu á efninu á Norðurlöndunum og alþjóðlega
- Áætlun um dreifingu og markaðssetningu, í heimalandinu og fyrir önnur Norðurlönd þar sem staðfest er að efninu verður dreift, tiltekið hvaða miðla um ræðir, skilgreiningu á markhóp(um) og lýsingu á því hvernig verður náð til þeirra ásamt áætlun um áhorfstölur

Ekki verður gengið frá samningi fyrr en öll gögn hafa borist Sjóðnum og í síðasta lagi áður en klippi er læst.

8.5 GREIÐSLUR Á STYRK

Greiðslur á styrk úr Sjóðnum eru ákveðnar fyrir hvert verkefni um sig. Yfirleitt er styrkurinn greiddur í 4 áföngum.

Upplýsingar í tengslum við hlutagreiðslur skal senda í gegnum vefsvæðið

www.nordiskfilmogtvfond.com

Fyrsta útborgun á sér stað þegar aðalfjármögnunaraðili í heimalandi hefur innt fyrstu greiðslu sína af hendi.

Fyrir fyrstu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Undirritaður samningur
- Staðfesting á að aðalfjármögnunaraðili í heimalandinu hafi innt fyrstu greiðslu sína af hendi
- Reikningur

Fyrir aðra útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Útgjaldayfirlit þar sem eiginleg útgjöld eru borin saman við kostnaðaráætlun og áætlaðan lokakostnað
- Skrifleg framvinduskýrsla um verkefnið þegar tókum er lokið
- Reikningur

Fyrir þriðju útborgun skal Sjóðnum hafa borist:

- Kostnaðarskýrsla sem sýnir útgjöld samanborið við fjárhagsáætlun ásamt endanlegu kostnaðaruppgjöri.
- Skrifleg framvinduskýrsla við fyrsta klipp
- Fyrsta klipp, sem skal senda í fyrsta lagi tveimur vikum og í síðasta lagi einni viku áður en endanlegt klipp er frágengið. Klippinu á að fylgja texti á dönsku, norsku eða sænsku eða á ensku.
- Reikningur

Fyrir síðustu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Endurskoðað bókhald sem sýnir endanleg útgjöld borin saman við fjárhagsáætlun
- Lokaskýrsla með yfirliti yfir hátíðir sem myndin hefur farið á, hugsanleg verðlaun og alþjóðlegri sölu
- Afrit af myndinni (hlekkur) með texta á dönsku, norsku eða sænsku eða á ensku ásamt stiklu/ tv-spots
- Artwork / ljósmyndir, (2-3) í stafrænu formi með tilheyrandi upplýsingum um höfundarrétt (a.m.k. 700 kb).
- Reikningur

8.6 ÞAKKARTEXTAR

Í þakkartextum við byrjun eða lok myndar og öðru kynningarefni skal tekið skýrt fram að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafi styrkt framleiðslu á myndinni. Lógó sjóðsins er hægt að hlaða niður á www.nordiskfilmogtvfond.com.

Þakkartextarnir berist Sjóðnum til samþykkis og skulu þeir vera svipaðir og þakkartextar um aðalfjármögnunaraðila heimildamyndarinnar.

8.7 BÓKHALD

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um útgjöld við framleiðslu kvikmyndarinnar og hefur hann rétt á að grandskoða bókhald framleiðanda í eftirliti sínu.

Verði raunkostnaður við verkefni lægri en kostnaðaráætlun sem var samþykkt af Sjóðnum sagði til um, getur það leitt til þess að Sjóðurinn haldi eftir hluta af styrk sínum. Þetta getur haft í för með sér kröfu um endurgreiðslu á styrktarupphæð sem þegar hefur verið greidd.

8.8 ENDURGREIÐSLUR

Reglur um endurgreiðslur, sjá Almenn skilyrði, 4. grein.

9. STYRKIR TIL DREIFINGAR Í KVIKMYNDA

EINUNGIS DREIFINGARFYRIRTÆKI Í ÞVÍ NORÐURLANDANNA SEM DREIFIR MYNDINNI GETA SÓTT UM STYRKINN.

9.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGU

Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn tekur þátt í lokafjármögnun mynd(a) ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Ef sótt er um dreifingarstyrk þarf myndin/myndirnar að hafa hlotið góðar undirtektir heima fyrir í einu Norðurlandanna eða eiga mikla möguleika á góðri aðsókn hjá markhópi myndarinnar á Norðurlöndunum
- Styrkinn má veita óháð því hvort myndin/myndirnar hafi áður hlotið framleiðslustyrk og/eða talsetningarstyrk úr Sjóðnum.
- Styrkinn má veita til dreifingar á stakri mynd eða sameiginlega fyrir dreifingu á tveim eða þremur myndum frá sama dreifingarfyrtæki (Slate-funding). A.m.k. tveir titlar þeirra mynda sem sækja um verða að liggja fyrir þegar sótt er um
- Myndunum skal dreift í kvikmyndahús og/eða í aðra stafræna miðla sem fyrirfinnast
- Þegar styrkur er veittur til að ráða starfsmann á sviði markaðsmála ber dreifingaraðila að annast þá ráðningu samkvæmt þeim starfsmannalögum og reglum sem gilda í því landi þar sem ráðningin á sér stað

Styrkurinn er bein fjármögnun sem kemur ekki til endurgreiðslu..

9.2 UMSÓKN

Umsókn skal berast fullunnin minnst 4 vikum fyrir frumsýningu.

Sjóðnum þurfa að berast eftirfarandi gögn í gegnum vefsíðuna

www.nordiskfilmogtvfond.com:

- Umsóknareyðublað (sjá www.nordiskfilmogtvfond.com)
- Efnisútdráttur (Synopsis), í mesta lagi 1/2 A4-blaðsíða
- Eintak af kvikmyndinni (hlekk) á frummálinu með enskum, dönskum, norskum eða sænskum texta
- Kostnaðaráætlun dreifingar
- Fjármögnunaráætlun fyrir dreifinguna. Upphæðir eru gefnar upp í gjaldmiðli sýningarlandsins og norskum krónum og gengi tekið fram
 - Allir aðrir styrkir, sem hafa fengist, sótt hefur verið um eða fyrirhugað er að sækja um (að frátöldum sjálfkrafa styrkjum frá Creative Europe) skulu tilgreindir í fjármögnunaráætlun
- Sundurliðað eiginfjármagn dreifingaraðila
- Staðfesting á annarri fjármögnun, LOC eða samningur
- Áætlun um dreifingu og markaðssetningu þar sem markhópur er tilgreindur, ásamt lýsingu á því hvernig markmiðunum skuli náð og væntingum um áhorfendafjölda í öllum miðlum í dreifingarlandinu

Við umsókn á Slate-styrk gilda eftirfarandi reglur:

- Gögnunum hér að ofan ber að skila inn fyrir hverja mynd
- Skila þarf inn tímaáætlun fyrir dreifingu hvernar myndar
- Sameiginleg kostnaðar- og fjármögnunaráætlun fyrir allar myndirnar
- Titlar a.m.k. tveggja af þremur myndum verða að liggja fyrir þegar sótt er um
- Myndirnar verða að vera sýndar innan árs frá því að fyrsta myndin er sýnd

Þegar tilgreindur er kostnaður vegna starfsmanns á sviði markaðsmála í umsókn um Slate-styrk gildir að auki eftirfarandi:

- Kostnaður sem tengist ráðningunni skal vera sundurliðaður í kostnaðaráætluninni fyrir dreifingunni
- Nafn, tölvupóstfang og símanúmer ásamt ferilskrá og sýn/markmiðum starfsmannsins ber að skila inn
- Sýn/markmið dreifingaraðilans fyrir ráðningunni ásamt markmiðasetningu verður að skila inn
- Áætlun um verk/verklýsingu í tengslum við markaðsherferðina sem viðkomandi starfsmaður ber ábyrgð á ber að setja í tímalínu fyrir útgáfu myndanna

9.3 VILYRÐI

Dreifingaraðila berst staðfestingarbréf frá Sjóðnum.

9.4 SAMNINGUR

Sjóðurinn útbýr samning um verkefni sem fá styrk þegar uppfærð fjármögnunaráætlun hefur verið skilað inn í gegnum www.nordiskfilmogtvfond.com.

9.5 GREIÐSLUR Á STYRK

Greiðslur eru ákveðnar í hverju tilviki um sig. Styrkurinn er yfirleitt greiddur í tvennu lagi og samningar fyrir Slate-styrki í þrennu lagi.

Upplýsingar í tengslum við hlutagreiðslur skal senda í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com.

Fyrir fyrstu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Undirritaður samningur
- Reikningur

Fyrir aðra útborgun (fyrir Slate-styrki) þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Uppgjör sem sýnir kostnað fyrir fyrstu myndina borið saman við kostnaðaráætlun
- Áhorfstölur
- Við Slate-styrk til þriggja mynda ber umsóknargögnum fyrir þriðju myndina að vera skilað inn og samþykkt af Sjóðnum
- Reikningur

Fyrir síðustu útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Bókhald sem sýnir endanlegan kostnað og hann borinn saman við kostnaðaráætlun dreifingar
- Tekjuskýrsla þar sem allar tekjur eru tilgreindar
- Matsskýrsla um undirtektir við kvikmyndinni/kvikmyndunum miðað við áætlun. Ef styrkur var veittur til að ráða starfsmann á sviði markaðsmála ber bæði honum og dreifingaraðila að skila inn matsskýrslu.
- Áhorfstölur
- Ef um Slate-styrk er að ræða skal ofangreindum gögnum skilað inn sérstaklega fyrir hverja styrkta mynd
- Reikningur

9.6 ÞAKKARTEXTAR

Í kvikmyndauglýsingum skal tekið skýrt fram að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafi styrkt dreifingu kvikmyndarinnar. Lógó sjóðsins er hægt að hlaða niður á www.nordiskfilmogtvfond.com. Þakkartextarnir berist Sjóðnum til samþykkis.

9.7 BÓKHOLD

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um útgjöld og tekjur við dreifingu kvikmyndarinnar og hefur hann rétt á að skoða bókhald dreifingaraðilans í eftirliti sínu.

Verði raunkostnaður við dreifingu lægri en kostnaðaráætlun sem var samþykkt af Sjóðnum sagði til um, leiðir það til þess að Sjóðurinn haldi eftir hluta af styrk sínum. Þetta getur haft í för með sér kröfu um endurgreiðslu á styrktarupphæð sem þegar hefur verið greidd.

10. STYRKIR TIL TALSETNINGAR

EINUNGIS AÐALFRAMLEIÐANDI, SEM UPPFYLLIR SKILYRÐIN Í GREIN 2.1., EÐA DREIFINGARFYRIRTÆKI Í ÞVÍ NORÐURLANDANNA SEM MUN DREIFA MYNDINNI, GETA SÓTT UM STYRKINN.

Styrkir eru veittir til talsetningar á norrænum kvikmyndum á önnur Norðurlandamál.

10.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGU

Sjóðurinn tekur þátt í lokafjármögnun talsetningar ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

- Ef sótt er um talsetningarstyrk þarf kvikmyndin að hafa fengið góðar undirtektir áhorfenda heima fyrir í einhverju Norðurlandanna eða eiga mikla möguleika hjá markhópi myndarinnar í einu eða fleirum af Norðurlöndunum
- Styrkir eru veittir óháð því hvort kvikmyndin hefur áður fengið framleiðslustyrk og/eða dreifingarstyrk úr Sjóðnum
- Talsetningarstyrkir eru yfirleitt aðeins veittir til kvikmynda fyrir börn og unglinga

Styrkurinn er bein fjármögnun sem kemur ekki til endurgreiðslu.

10.2 UMSÓKN

Umsókn skal berast fullunnin minnst 4 vikum áður en talsetning hefst.

Sjóðnum berist eftirfarandi gögn í gegnum vefsíðuna: www.nordiskfilmogtvfond.com:

- Umsóknareyðublað (sjá www.nordiskfilmogtvfond.com)
- Efnisútdráttur (í mesta lagi ½ A4-blaðsíða)
- Eintak af kvikmyndinni (hlekk) á frummáli, með enskum, dönskum, norskum eða sænskum texta
- Fjárhagsáætlun talsetningar
 - Allir aðrir styrkir, sem hafa fengist, sótt hefur verið um eða er fyrirhugað að sækja um (að frátöldum sjálfkrafa styrkjum frá Creative Europe) skulu tilgreindir í fjármögnunaráætlun
- Fjármögnunaráætlun þar sem fram kemur staðfest fjármögnun. Upphæðir eru gefnar upp í gjaldmiðli heimalandsins og norskum krónum og gengi tilgreint
- Skrifleg sundurliðun á eiginfjármögnun
- Staðfesting á annari fjármögnun, LOC eða samningur
- Dreifingaráætlun þar sem markhópur er tilgreindur og lýsing á því hvernig náð verður til hans sem og áætlaður fjöldi áhorfenda í sýningarlandinu

10.3 VILYRÐI

Framleiðanda eða dreifingaraðila berst staðfestingarátt frá Sjóðnum.

10.4 GERÐ SAMNINGS

Sjóðurinn útbýr samning um verkefni sem fá styrk þegar uppfærð fjármögnunaráætlun hefur verið skilað inn í gegnum www.nordiskfilmogtvfond.com.

10.5 GREIÐSLUR Á STYRK

Greiðslur eru ákveðnar í hverju tilviki um sig. Styrkurinn er yfirleitt greiddur í tvennu lagi.

Upplýsingar í tengslum við hlutagreiðslur skal senda í gegnum vefsvæðið www.nordiskfilmogtvfond.com.

Áður en fyrri útborgun fer fram þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Undirritaður samningur
- Reikningur

Fyrir seinni útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Bókhald sem sýnir endanlegan kostnað og hann borinn saman við kostnaðaráætlun talsetningar
- Eintak (hlekk) af þýddu eintaki af kvikmyndinni
- Reikningur

10.6 ÞAKKARTEXTAR

Í auglýsingum og kynningarefni skal tekið skýrt fram að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafi styrkt talsetningu kvikmyndarinnar. Lógó sjóðsins er hægt að ná í á www.nordiskfilmogtvfond.com. Þakkartextarnir berist Sjóðnum til samþykkis.

10.7 BÓKHULD

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um útgjöld og tekjur við talsetningu á kvikmyndinni og hefur hann rétt á að grandskoða bókhald framleiðanda / dreifingaraðila í eftirliti sínu.

Verði raunkostnaður við verkefni lægri en kostnaðaráætlun sem var samþykkt af Sjóðnum sagði til um, leiðir það til þess að Sjóðurinn haldi eftir hluta af styrk sínum. Þetta getur haft í för með sér kröfu um endurgreiðslu á styrktarupphæð sem þegar hefur verið greidd.

11. VERKEFNI TENGD KVIKMYNDAGREININNI

AÐEINS SKIPULEGGJENDUR VERKEFNA TENGDRÍ KVIKMYNDAGREININNI GETA SÓTT UM STYRKINN

11.1 SKILYRÐI FYRIR STYRKVEITINGU

- Styrk er hægt að veita til verkefna tengdum kvikmyndagreininni, t.d. námskeiða, málþinga eða dagskrár á hátíðum sem ætla má að efli hæfni í faglegu samnorrænu hljóð- og myndmiðlagreininni
- Styrkurinn er ekki greiddur fyrr en skjalfest hefur verið að viðburðurinn sé fjármagnaður að fullu

Allar breytingar á kostnaðaráætlun eða styrkveitingu eru háðar fyrirfram samþykki sjóðsins.

Styrkurinn er bein fjármögnun sem kemur ekki til endurgreiðslu.

11.2 UMSÓKN

Umsókn skal berast fullunnin minnst 4 vikum áður er verkefnið hefst.

Eftirfarandi skal berast í gegnum vefsetrið www.nordiskfilmogtvfond.com:

- Lýsing á verkefninu
- Markmið verkefnisins
- Kostnaðaráætlun
- Fjármögnunaráætlun sem sýnir staðfesta fjármögnun. Upphæðir eru gefnar upp í gjaldmiðli heimalandsins og norskum krónum og gengi tekið fram
- Staðfesting og sundurliðun á eiginfjármögnun
- Staðfesting á annarri fjármögnun, LOC eða samningur

11.3 VILYRÐI

Skipuleggjanda berst staðfestingarbréf frá Sjóðnum.

11.4 SAMNINGUR

Sjóðurinn útbýr samning um verkefni sem fá styrk þegar uppfærð fjármögnunaráætlun og staðfesting á allri fjármögnun hefur verið skilað inn í gegnum vefsíðuna www.nordiskfilmogtvfond.com.

11.5 GREIÐSLUR

Greiðslur á styrkjum Sjóðsins eru ákveðnar fyrir hvern menningarviðburð um sig.

Yfirleitt er styrkurinn greiddur í tvennu lagi.

Upplýsingar í tengslum við greiðslur skal senda í gegnum vefsíðuna

www.nordiskfilmogtvfond.com

Áður en til greiðslu kemur þarf Sjóðnum að berast:

- Undirritaður samningur
- Reikningur

Fyrir seinni útborgun þarf Sjóðnum að hafa borist:

- Bókhald sem sýnir endanlegan kostnað og hann borinn saman við fjárhagsáætlun
- Matsskýrsla um undirtektir við viðburðinum miðað við væntingar
- Reikningur

11.6 ÞAKKARTEXTAR

Í kynningarefni um verkefnið skal tekið skýrt fram að Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hafi verið styrktaraðili. Lógó sjóðsins er hægt að ná í á www.nordiskfilmogtvfond.com. Þakkartextar berist Sjóðnum til samþykkis.

11.7 BÓKHULD

Sjóðurinn getur farið fram á að sjá öll gögn um útgjöld og tekjur í tengslum við verkefnið og hefur hann rétt á að grandskoða bókhald skipuleggjanda í eftirliti sínu.

Sparnaður miðað við upphaflega kostnaðaráætlun sem var samþykkt af Sjóðnum leiðir til þess að Sjóðurinn heldur eftir hluta af styrk sínum. Þetta getur haft í för með sér kröfu um endurgreiðslu á styrktarupphæð sem þegar hefur verið greidd.